

## Annar fundur 2010 var haldinn að Breiðabliki 25. janúar kl. 21:00.

Mættir: Eggert Kjartansson, Halldór Jónsson, Guðbjartur Gunnarsson, Svanur Guðmundsson, Jón Oddsson, Sigrún Ólafsdóttir, reiknishaldari Laugargerðisskóla og Kristín Guðmundsdóttir skólastjóri Laugargerðisskóla.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna, sérstaklega Sigrúnu og Kristínu. Svanur ritaði fundargerð.

Dagskrá:

Til afgreiðslu:

1. Drög að þjónustusamning við Borgarbyggð um skólamál. Oddviti fór yfir lokaferli samningsdraganna og samninginn eins og hann lá fyrir. Að loknum nokkrum umræðum var samningurinn samþykktur samhljóða eins og hann lá fyrir.
2. Drög að samkomulagi um slit á byggðarsamlagi um Laugargerðisskóla. Samkomulagið var samþykkt samhljóða eins og það lá fyrir.
3. Fjárhagsáætlun v. Laugargerðisskóla. Sigrún fór yfir og útskýrði áætlunina. Seinni umræða tekin með áætlun sveitarfélagsins.
4. Kosið í skólanefnd. Samþykkt að sveitarstjórn fari með störf skólanefndar fyrst um sinn. Fulltrúar foreldra og kennara mæti á fund með nefndinni eins og verið hefur. Nú yfirgáfu Sigrún og Kristín fundinn.
5. Fjárhagsáætlun Eyja- og Miklaholtshrepps v. 2010 seinni umræða.
  - Innlánsvextir, farið yfir vaxtakjör sem hljótast vegna inneigna.
  - Laun nefnda 2010. Óbreytt frá fyrra ári
  - Síma og skrifstofukostnaður 2010. Óbreytt frá fyrra ári
  - Laun oddvita 2010. Óbreytt frá fyrra ári
  - Styrkbeiðni, bréf dagsett 18. janúar 2010. Samþykkt að styrkja slökkviliðsmenn í Borgarbyggð um kr. 25.000,-
  - Bréf dagsett 21. desember frá Umhverfisstofnun um styrk vegna minkaveiða 2010. Samþykkt að leggja kr. 25.000,- í minkaveiðiáttak á Snæfellsnesi.

Farið var rækilega yfir fjárhagsáætlunina og hún síðan samþykkt.

- ✓ Rekstrartekjur samtals kr. 75.870.000,-
- ✓ Rekstrargjöld samtals kr. 77.981.789,-
- ✓ Áætlað rekstrartap 2010 kr. 2.111.789,-

6. Þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp fyrri umræða. Samþykkt til seinni umræðu.
7. Beiðni um að afskrifa útsvar frá Sýslumanni Snæfellinga. Samþykkt

Fundargerðir:

- a. Fundargerð samráðsfundar sorpsamlaga frá 23. nóv. 2009
- b. Fundargerð samráðsfundar sorpsamlaga frá 19. okt 2009
- c. Fundargerð samráðsfundar sorpsamlaga frá 21. Sept 2009
- d. 36. Fundur menningarráðs Vesturlands frá 21. desember 2009
- e. Fundargerð frá stjórnarfundum í Sorpurðun Vesturlands frá 25.11.2009

f. Fundargerð frá stjórnarfundum í stjórn SSV frá 8.12.2009

Til kynningar:

1. Bréf dagsett 15. desember frá Sorpurðun Vesturlands
2. Fundarboð á sameiningarfund 3. febrúar.
3. Bréf frá Umhverfisstofnun og varðar endurgreiðslu vegna minkaveiða 2009
4. Bréf frá Umhverfisstofnun og varðar endurgreiðslu vegna refaveiða 2009
5. Bréf dagsett 5. janúar frá Umhverfisstofnun og varðar endurgreiðslu kostnaðar vegna refaveiða árið 2010